

YFIRLÝSING

Vesturbyggð, kt. 510694-2369, Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, þinglýstur eigandi jarðarinnar Hóll, Vesturbyggð, landnúmer L140446 (hér eftir landeigandi), staðfestir hér með eftirfarandi:

Landsneti hf., kt. 580804-2410, er heimilt að leggja kvöð á hluta lands jarðarinnar, m.a. í samræmi við ákvæði reglugerðar um raforkuvirki nr. 678/2009, sbr. og 13. gr. laga um öryggi raforkuvirkja o.fl., nr. 146/1996, vegna 66 kV háspennujarðstrengs, svokallaðrar Mjólkár línu 2. Breidd helgunarsvæðis strengsins og vegslóðar er samtals 10 metrar. Strengleiðin er sýnd á meðfylgjandi yfirlitskort, sem er eingöngu gert af Landsneti hf. til afmörkunar og skýringa á framkvæmdinni.

Helgunarsvæði strengsins skiptist í 3 metra breitt öryggissvæði og 7 metra breitt athafnasvæði. Þar innan verður lögð vegslóð. Um meðferð jarðstrengsins gilda þær kvaðir og höft sem leiða af lögum og reglum um háspennujarðstrengi. Mannvirkjagerð, skógrækt og allt verulegt rask er óheimilt á helgunarsvæði strengsins. Rask telst verulegt ef það veldur raski á meira dýpi en 30 cm frá ósnortnu yfirborði helgunarsvæðisins. Innan athafnasvæðis strengsins þarf allt jarðrask dýpra en 30 cm frá yfirborði að vera unnið í samráði við Landsnet áður en hafist er handa.

Landsnet hf. skal jafna allt jarðrask að loknum framkvæmdum og sá í gróðursár, þar sem það á við. Þar sem ekki reynist unnt að skila landi í sama ástandi og áður, skal haft samráð við landeiganda um lokafrágang. Verða jarðstrengurinn og nauðsynleg kvöð vegna hans óskoruð eign Landsnets hf. eða annars þess aðila sem fyrirtækið framselur rétt sinn til. Kvöð vegna jarðstrengs og vegslóðar er ótímabundin. Landsnet hf. ákveður hvenær framkvæmdir við jarðstreng hefjast. Meðfylgjandi jarðstrengi, í sama lagnaskurði ef framkvæmd er á sama tíma, er Landsneti hf. heimilt að leggja ljósleiðara.

Landsnet hf. eða þeir, sem fyrirtækið felur slík störf, skulu hafa óhindraðan aðgang að helgunarsvæði jarðstrengsins og ljósleiðara í landi jarðarinnar, bæði að því er varðar framkvæmdir, svo og viðhald, eftirlit og endurnýjun síðar.

Yfirlýsingu þessari mun þinglýst sem kvöð á jörðina. Yfirlýsing þessi hvílir á því að Landsnet hf. hafi greitt bætur samkvæmt samningi sem aðilar hafa gert með sér fyrir öll fyrrgreind réttindi. Rísi mál sem tengist yfirlýsingu þessari skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða.

Staður og dagsetning

F.h. Vesturbyggðar

F.h. Landsnets hf.

Vottar að rétttri dagsetningu, fjárræði og undirskrift,

nafn og kt.:

nafn og kt.: